

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700129/ksj

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022, frístundasvæðið
Jónskot í landi Kots. Tillaga að deiliskipulagi sama svæðis.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022 og tillögu að deiliskipulagi sama svæðis. Breytingin tekur til frístundasvæðisins Jónskot í landi Kots.

Náttúruminjasvæði

Um þriggja hektara landspildu í landi Kots er breytt í frístundasvæði. Á svæðinu eru nú þegar tvö frístundahús. Fram kemur í greinargerð að spildan nær að hluta inn á nútímahraun. Umhverfisstofnun bendir á að hraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir fari ekki inn á hraunjaðar, og að hrauni sé ekki raskað.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vel sé staðið að framkvæmdum varðandi rotþrær á svæðinu og bendir á leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur